

Miðhús ehf.
Aðalstræti 16
400 Ísafirði

Ísafjörður, 17. ágúst 20180
2018010057

Efni: Endurnýjun gistileyfa

Á 1025. fundi bæjarráðs sem haldinn var 13. ágúst sl., var tekið fyrir erindi forsvarsmanna Miðhúsa ehf., Massa þrifs ehf., GentleSpace gistingar og Engjavegar ehf. þar sem óskað er eftir svörum frá Ísafjarðarbæ varðandi endurnýjun gistileyfa framangreindra aðila.

Ísafjarðarbæ ber að starfa eftir lögum og reglugerðum. Með breytingum á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald var m.a. markmið að einfalda umsagnarferlið og samræma umsögn sveitarfélags, byggingarfulltrúa, heilbrigðisnefndar og slökkviliðs, sem fram fóru með lögum nr. 67/2016 var 7. gr. laganna breytt með þeim hætti að sveitarstjórn ætti m.a. að staðfesta að starfsemi væri í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála. Jafnframt er tekið á þessu í 27. gr. reglugerðar nr. 1227/2016 um veitingarstaði, gististaði og skemmtanahald, en þar segir að sveitarstjórn skuli staðfesta að staðsetning staðar sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélags kveður á um.

Með vísan til framangreinds er Ísafjarðarbær að kanna hvort og þá hvernig væri mögulegt að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi Ísafjarðarbæjar, m.t.t. landnotkunar og þróunar byggðar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir,
starfandi bæjarstjóri

Samrit:

Massi þrif ehf.
GentleSpace gisting, b.t. Guðríðar Guðmundsdóttur
Engjavegur ehf.